

Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi Rekstrarfélags Sarps árið 2013

Ársskýrsla flutt á aðalfundi Rekstrarfélags Sarps haldinn í Reykjavík 30. apríl 2014.

Breytingar í rekstri félagsins á árinu 2013

Á árinu urðu nokkrar breytingar í rekstri félagsins. Frosti Jóhannsson sem verið hafði framkvæmdastjóri frá stofnun þess árið 2002 sagði starfi sínu lausu og lét af störfum í lok maí. Við þau tímamót að framkvæmdastjóri hætti störfum og jafnframt að haustið 2012 gerði félagið samning við Þekkingu um verklok kerfisgerðar Sarps 3,0, og að opnun ytri vefs sarpur.is, sem veitir aðgang að safnskrám á veraldarvefnum var í sjónmáli, þótti framkvæmdastjórn og fulltrúaráði rétt að skoða með hvaða hætti rekstur félagsins yrði best tryggður til framtíðar. Fulltrúaráð fól framkvæmdastjórn að leita eftir samstarfi við Landskerfi bókasafna hf. og þann 24. júní var undirritaður þjónustusamningur milli Landskerfis bókasafna hf. (LB) og Rekstrarfélags Sarps (RS) til tveggja ára. Tilgangur með samstarfi RS og LB samkvæmt samningnum er að byggja upp öflugna notendapjónustu, bæta gæði skráningar með auknu gæðaeftirliti og auka aðgengi almennings að Sarpi gegnum leitir.is, sem LB rekur. Í samningnum felst að LB tekur að sér daglegan rekstur og stjórnun félagsins, samningagerð, starfsmannahald, áframhaldandi kerfisþróun og notendapjónustu. Samningurinn tók gildi þann 1. september og var skrifstofa RS á sama tíma flutt í húsnæði LB að Katrínartúni 2, Reykjavík.

Stjórnun félagsins

Samkvæmt samþykktum RS er stjórnun félagsins tvíþætt. Annars vegar skal félagið skipað níu manna fulltrúaráði og skal formaður koma frá Þjóðminjasafni Íslands. Hins vegar skal ráðið kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdastjórn.

Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps var haldinn 29. maí 2013. Á fundinum var kjörið fulltrúaráð og það skipa: Dagný Heiðdal frá Listasafni Íslands, Guðný Gerður Gunnarsdóttir frá Minjasafni Reykjavíkur, Halldór Björn Runólfsson frá Listasafni Íslands, Haraldur Þór Egilsson frá Minjasafninu á Akureyri, Lýður Pálsson frá Byggðasafni Árnesinga, Margrét Hallgrímsdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands, Pétur Kristjánsson frá Tækniminjasafni Austurlands, Hallgrímur Ámundason frá Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Þorvaldur Böðvarsson frá Þjóðminjasafni Íslands.

Fulltrúaráðið kom saman að aðalfundi loknum og kaus Margréti Hallgrímsdóttur sem formann. Ráðið kaus einnig úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdastjórn. Anna Guðný Ásgeirsdóttir, sem verið hafði formaður frá stofnun félagsins lét af formennsku. Í stjórn voru kjörin : Guðný Gerður Gunnarsdóttir, formaður og Dagný Heiðdal, gjaldkeri og Þorvaldur Böðvarsson, ritari. Varamenn voru kjörnir: Margrét Hallgrímsdóttir fyrir Þorvald, Lýður Pálsson fyrir Dagnýju og Haraldur Egilsson fyrir Guðnýju Gerði.

Fulltrúaráð

Fulltrúaráðið hélt fjóra fundi á árinu. Meginhlutverk fulltrúaráðs samkvæmt samþykktum félagsins er að ákveða stefnu þess, kjósa framkvæmdastjórn og hafa eftirlit með starfsemi RS.

Á fundi sínum þann 8. mars var fulltrúaráði kynnt uppsögn framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjórn var heimilað að hefja viðræður við Landskerfi bókasafna um samstarf um afmarkaða þætti í rekstri félagsins. Jafnframt skyldi stefnt að því ráða starfsmann, en þar sem starfssvið hans skyldi taka mið af niðurstöðu samninga við LB var ákveðið að starfið skyldi ekki auglýst að sinni.

Á fundi þann 13. maí kynnti framkvæmdastjórn stöðu viðræðna við Landskerfi bókasafna og lagði til að RS gerði samning um að LB taki að sér framkvæmdastjórn Rekstrarfélags Sarps og að ráðinn yrði fagstjóri í 100% stöðu til að sinna notendabjónustu Sarps. Staða framkvæmdastjóra og stoð- og þróunarþjónustu sem LB veitti RS yrði 60% starf. Ljóst var að til að mæta auknum kostnaði við rekstur þyrftu tekjur félagsins að hækka í 28 milljónir kr. á ári sem gæti þýtt allt að tvöföldun notendagjalda. Fulltrúaráðið fól framkvæmdastjórn að ganga frá þjónustusamningi við Landskerfi bókasafna og að stefna að frágangi samnings og kynningu á efni hans fyrir aðalfund félagsins 29. maí 2013.

Fulltrúaráð kom saman að loknum aðalfundi 29. maí og kaus formann og framkvæmdastjórn.

Fjórði fundur fulltrúaráðs var haldinn þann 25. september og var það fyrsti fundur fulltrúaráðs eftir að samningur við LB tók gildi. Á fundinn mættu nýjir starfsmenn félagsins, þau Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri og Sigurður Trausti Traustason, fagstjóri. Lagt var fram milliuppgjör dags. 31. ágúst sem sýnir fjárhagsstöðu félagsins við þau tímamót sem urðu er LB tók við daglegum rekstri. Fulltrúaráð áréttaði hækkun á gjaldskrá með bókun um nauðsyn þess að auka tekjur félagsins til þess að það geti aukið notendabjónustu og þróað Sarp sem menningarsögulegt gagnasafn.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess á milli funda fulltrúaráðs og aðalfundar. Meginhlutverk framkvæmdastjórnar samkvæmt samþykktum félagsins er að hafa eftirlit með rekstri þess og sjá til þess að skipulag og starfsemi sé í góðu horfi, að taka ákvörðun um veitingu notendaleyfa og setja gjaldskrá fyrir þjónustu félagsins.

Framkvæmdastjórnin hélt fjórtán fundi á árinu, sem eru mun fleiri fundir en framkvæmdastjórn hefur haldið á undanförunum árum. Aukinn fjöldi stjórnarfunda skýrist af þeim breytingum sem gerðar voru á rekstri félagsins og var megin viðfangsefni stjórnar fram eftir árinu. Önnu Guðnýju Ásgeirsdóttur og Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur var falið að annast samningaviðræður við LB og síðan að auglýsa eftir fagstjóra. Formaður hafði umsjón með ráðningu fagstjóra ásamt framkvæmdastjóra LB.

Starf fagstjóra Sarps var auglýst í júní og bárust 20 umsóknir. Formaður og ritari framkvæmdastjórnar ásamt framkvæmdastjóra LB tókuð viðtöl við sjö umsækjendur og var niðurstaðan sú að ráða Sigurð Trausta Traustason, safnafræðing M.A., í starfið og hóf hann störf 15. september.

Starfsmannahald

Eins og fram hefur komið sagði Frosti Jóhannsson framkvæmdastjóri starfi sínu lausu og lauk störfum þann 31. maí, þar sem hann átti þá inni ótekið orlof var hann á launum til 31. ágúst. Hafði hann verið eini starfsmaður félagsins frá upphafi og voru honum þökkuð góð störf í þágu félagsins í lok aðalfundar 2013. Þjóðminjasafn Íslands lagði félaginu til starfsmenn sem tóku að sér verkefni framkvæmdastjóra frá því að Frosti lauk störfum þar til samningur við Landskerfi bókasafna tók gildi 1. september. Anna Guðný Ásgeirsdóttir var starfandi framkvæmdastjóri og annaðist fjármál og daglegan rekstur og Þorvaldur Böðvarsson hafði umsjón með kerfisgerð og notendabjónustu. Með samningnum við LB varð breyting á starfsmannahaldi. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri LB, tók við starfi framkvæmdastjóra RS þann 1. september og jafnframt sinna sérfræðingar LB afmörkuðum verkefnum og ráðgjöf við RS. Samtals gegna starfsmenn LB um 60% starfshlutfalli fyrir RS. Framkvæmdastjóri sinnir daglegum rekstri og starfsemi RS, sér um samninga við viðskiptavinum og birgja, fer með starfsmannamál félagsins og kemur fram fyrir hönd þess. Fagstjóri var ráðinn í 100% starf frá 15. september. Fagstjóri Sarps sinnir daglegum rekstri Sarps og sarpur.is, sér um notendabjónustu og kennslu, hefur eftirlit með gæðum skráningar auk þess að vera tengiliður við þróunaraðila kerfisins vegna kerfisþróunar.

Rekstur RS

Félagið var rekið á grundvelli fjárhagsáætlunar sem samþykkt var í upphafi starfsársins og gerði áætlunin ráð fyrir að tekjur dygðu fyrir útgjöldum. Gjald til notenda var hækkað um mitt ár til að mæta auknum rekstrarkostnaði. Notendagjöld voru hækkuð úr 14 milljónum í 18 milljónir og kom hækkingin til framkvæmda frá 1. júlí. Notendagjöld hækkuðu í 28 milljónir á ársgrundvelli frá frá 1. janúar 2014. Gjaldskrárhækkunirnar höfðu áður verið kynntar fyrir fulltrúaráði 13. maí og samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar sama dag.

Niðurstaða ársins 2013 varð sú að rekstrartekjur félagsins námu 28,1 millj.kr. en rekstrargjöld voru 28,5 millj. kr. Tap af rekstri félagsins á árinu nam 357 þús. kr. Eigið fé RS í lok ársins 2013 var tæpar 1,3 millj.kr. og lækkar frá fyrra ári sem nemur tapi ársins 2013.

Rekstrartekjur ársins skiptast í tekjur vegna notendaleyfissamninga 18,2 milljónirkróna, rekstrarstyrk frá mennta- og menningarmálaráðuneyti 2,5 milljónir.króna og verkefnastyrki vegna ytri vefs alls 7,3 milljónirkróna. Safnasjóður, Minningarsjóður Philip Verrall í vörslu Þjóðminjasafns Íslands og Listasafn Íslands. styrktu gerð ytri vefsins. Styrkur Listasafns Íslands var tilkominn vegna samstarfs safnsins og Evrópusambandsins um DCA verkefnið.

Rekstrargjöld ársins skiptast í aðkeypta þjónustu og leigu á hugbúnaði 19,4 milljónir.króna, launakostnað 6,7 milljónir.króna. og annan rekstarkostnað 2,3 milljónir.króna. Stærstu kostnaðarliðir í aðkeyptri þjónustu og leigu á hugbúnaði er hýsing kerfisins 4,7 milljónir.króna sem hækkar um tæp 20% frá síðasta ári, vinna við kerfisgerð 4,2 milljónir.króna sem er rúmlega 40% lækkun á milli ára, hönnun og forritun ytri vefs nam um 8 milljónir.króna og aðkeypt þjónusta frá Landskerfi bókasafna hf. var um 1,9 milljónir.króna.

Sjá nánar ársreikning RS fyrir árið 2013, sem verður lagður fram á fundinum.

Helstu verkefni frá september.

Þekkingaryfirfærsla

Þegar nýir starfsmenn tóku til starfa á haustmánuðum 2013 beið þeirra mikil vinna við að setja sig inn í rekstur félagsins og stöðu hugbúnaðarþróunar Sarps og sarpur.is. Afar bagalegt var hversu lítil skjölun var til um kerfið og hönnun þess. Fyrirverandi framkvæmdastjóri félagsins Frosti Jóhannsson, Þorvaldur Böðvarsson fagstjóri skráningar hjá Þjóðminjasafni og Anna Guðný Ásgeirsdóttir fjármálastjóri Þjóðminjasafns voru nýjum starfsmönnum innan handar við þekkingaryfirfærsluna.

Kerfisgerð- samstarf við Þekkingu

Gerður hafði verið verklokasamningur við Þekkingu 25.10.2012. Samkvæmt honum hafði RS eins árs frest til að tilkynna um villur í innri og ytri vef Sarps og fá þær lagaðar félaginu að kostnaðarlausu. Fyrstu vikurnar í starfi eða fram að 25.10.2013 einbeittu nýir starfsmenn sér því að prófunum á kerfinu til að nýta gefinn frest til að tilkynna um ágalla á kerfinu enda gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir í húfi fyrir félagið. Samstarfið við Þekkingu frá haustmánuðum snérist því að mestu um að halda utan um verkbeiðnir sem stofnaðar voru í tengslum við villutilkynningar og beiðnir um lagfæringar á kerfinu sem enn var nokkuð um. Slæleg skjölun kerfisþróunar gerði það að verkum að oft var óljóst hvorum aðilanum bæri að taka á sig kostnað vegna lagfæringa á hugbúnaðinum og fór mikill tími í samskipti við Þekkingu vegna þessa. Annað mikilvægt mál var að skýra og skilgreina verkferla í kringum samstarfið við Þekkingu, einkum útgáfustýringu kerfisins og stóð það frameftir árinu. Þriðja atriðið laut að því að ljúka gagnaflutningum úr eldri gerð kerfisins Sarpi 2 yfir í Sarp 3 en því verki lauk í október 2013, rúmum fjórum árum síðar en upphaflegir samningar gerðu ráð fyrir. Þar með lauk gagnaflutningum úr Sarpi 2 yfir í Sarp 3 og hafði sú vinna þá staðið yfir allt árið.

Kerfisgerð – þróun

Samhliða áðurnefndum lagfæringum var hugað að áframhaldandi kerfisþróun. Mótuð voru þrjú verkefni sem sótt var um styrki fyrir til Safnasjóðs; *Áframhaldandi þróun ytri vefs* þar sem tilgangurinn er að þróa nýja virkni fyrir notendur og söfnin sjálf, m.a til að gera það kleyft að útbúa sýningar á vefnum auk atriða sem snerta notendavænleika og virkni vefsins. *Sarpur sem vinnutæki* þar er litið til innra kerfi Sarps með það í huga að bæta hann sem vinnutæki fyrir starfsmenn aðildarsafna. *Aðgengi frá einum stað* lýtur að því að efni frá sarpur.is verði aðgengilegt og leitarbært í gegnum gáttina leitir.is en það verkefni er hluti af markmiðum þjónustusamnings RS og LB. Þessi þrjú verkefni hlutu öll styrk frá Safnasjóði og verður unnið að þeim árið 2014.

Ytri vefur – smíði - hönnun - opnun og kynning

Í byrjun árs ákvað framkvæmdastjórn að ljúka vinnu við smíði ytri vefs Sarps, www.sarpur.is. Forsætisráðherra opnaði vefinn formlega í farskóla safnmanna þann 25. september. Í kjölfar opunarinnar var send út fréttatilkynning og fékk hún nokkra umfjöllun í fréttatíma RÚV, í Morgunblaðinu og á nokkrum vefmiðlum.

Mikil bylting átti sér stað með tilkomu ytri vefsins sarpur.is. Söfnin geta nú betur uppfyllt ákvæði safnalaga um að gera safnkost sinn aðgengilegan almenningi. Vefnum var vel tekið og hefur almenningur notað vefinn til leita og finna og nýta gagnvirknimöguleika hans til að senda söfnum ábendingar varðandi safnkost. Dæmi eru um að skólar hafi notað vefinn í sínu starfi og hafa söfn nýtt möguleika vefsins á margvíslegan hátt m.a. í sýningargerð. Umræða um gæði skráningar í Sarp fékk byr í seglin því mörg söfn birtu alla sína skráningu á ytri vef og kom þá í ljós að víða mátti betur fara. Umræðan kallaðist vel á við þær áætlanir félagsins að koma á fót faghópi um skráningu í Sarp og var það gert á nýju ári.

Notendabjónusta – námskeið kennsla

Þjónustuborð Landskerfis bókasafna tekur við beiðnum um notendabjónustu vegna Sarps og leysir úr þeim eða vísar þeim áfram til fagstjóra allt eftir eðli erindanna. Almenn upplýsingamiðlun til notenda fer fram í gegnum póstlista Sarpsnotenda sem fagstjóri heldur utan um. Fagstjóri hefur sótt fjölmörg aðildarsöfn Sarps heim og leiðbeint þeim varðandi notkun kerfisins. Síðla hausts 2013 voru stigin fyrstu skrefin varðandi kennslu á Sarp en þá hófst skipulagning á grunnnámskeiðum en fyrstu námskeiðin voru haldin í janúar 2014.

Fjöldi notenda – nýjir notendur - umfang gagnasafnsins

Nokkrar breytingar urðu á aðildarsöfnum Sarps á árinu. Lækningaminjasafn Íslands, sem Seltjarnarnesbær hafði rekið var lagt niður í ársbyrjun og var safnkosturinn afhentur Þjóðminjasafni Íslands og Landmælingar Íslands sögðu upp samningi sínum við félagið. Ný söfn bættust í hópinn; Breiðdalsetur, Flugsafn Íslands, Listasafn Árnesinga, Listasafn Reykjanesbæjar og Sjóminjasafnið Ósvör. Fjöldi greiðandi safna og stofnana var í lok árs 2013 alls 47 talsins, þar af voru 39 með sameignaraðild að félaginu og 8 með samstarfsaðild.

Í lok ársins 2013 voru tæplega 180 notendur með aðgang að innri vef Sarps. Um 70% þeirra voru með kerfisaðgang sem gerir kleyft að bæði lesa, skrá og breyta eldri færslum í Sarpi (*B – breytinga- og skráningaradgangur*), rúmlega 15% notenda voru með aðgang sem gerir kleyft að lesa og skrá færslur (*S – skráningaradgangur*) og tæplega 15% notenda voru einungis með lesaðgang að kerfinu (*L - lesaðgangur*). Stór hluti skráðra notenda eða um 85% er því með skráningaradgang að Sarpi.

Gagnamagn (í Mb) í Sarpi í árslok var að þessu sinni eingöngu mælt í Sarpi 3. Skipta má gögnunum í tvennt, annars vegar skráninguna sjálfa og hins vegar rafræn skjöl á borð við ljósmyndir og teikningar sem hengja má við skráninguna. Yfirlit um gagnamagn aðildarsafna um áramót er að finna í töflu 1.

Lokaorð

Árið 2013 var mikilvægt og annasamt ár í starfsemi Rekstrarfélags Sarps eins og rakið hefur verið hér á undan. Það starfsár sem nú er hafið (2014) verður það einnig. Það verður verkefni nýs fulltrúaráðs og nýrrar framkvæmdastjórnar að móta stefnu sem tryggir rekstur félagsins til framtíðar. Samningurinn við Landskerfi bókasafna er til tveggja ára og rennur út 31. ágúst 2015 og það er því brýnt að hefja stefnumótunarvinnu sem fyrst.

Þær breytingar sem gerðar voru á rekstri félagsins hafa að markmiði að efla Sarp og söfnin sem í hann skrá og að veita almenningi aukinn aðgang að safnkosti þeirra.

Framkvæmdastjórn vill þakka fulltrúaráði og aðildarsöfnum Sarps fyrir gott samstarf á árinu. Þjóðminjasafn Íslands fær þakkir fyrir að ljá félaginu starfsmenn til að brúa bilið frá því að framkvæmdastjóri hætti störfum þar til LB tók við rekstrinu og Anna Guðný Ásgeirsdóttir, fyrir góð störf í þágu Sarps. Jafnfram vill hún færa starfsmönnum félagsins, Sveinbjörgu Sveinsdóttur framkvæmdastjóra og Sigurði Trausta Traustasyni fagstjóra fyrir ánægjulegt og árangursríkt starf. Undir styrki forystu þeirra verður haldið áfram því starfi að gera Sarp að því öflugra tæki sem gerir söfnum kleyft að sinna skyldu safna um að safna og skrá upplýsingar um safnkost sinn og veita almenningi aðgang að honum og nú á nýjan hátt með ytri vefnum.

F.h. framkvæmdastjórnar Rekstrarfélags Sarps

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, formaður

Dagný Heiðdal, gjaldkeri

Þorvaldur Böðvarsson, ritari